



Gledilega hátið!

Lengri opnumartími yfir jólin

17. - 22. desember kl. 10 - 22

23. desember kl. 10 - 23

24. desember kl. 10 - 12

27. desember kl. 12 - 17



Fréttabréf Lindasóknar

4. tbl. 2. árg. Aðventa og jól 2003

Áb.: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson sími 864 0554
Safnaðarheimili Uppsölum 3 sími 544 4477 • netfang: gudmundurkarl@kirkjan.is



Aðventa og jól í Lindasókn 2003

7. DES. ANNAR SUNNUDAGUR Í AÐVENTU.

kl. 11.00 Sunnudagaskóli í Lindaskóla

Gilwell skátar fera söfnuðinum friðarljósíð frá Jerúalem.

Glarsalurinn kl. 20.00

Aðventukvöldvaka Kórs Lindakirkju.

14. DES. PRIÐI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU.

kl. 11.00 Guðspjónusta og sunnudagaskóli í Lindaskóla

Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur þjónar.

Unglingar í 10. bekk Lindaskóla standa fyrir myndarlegum
jólkökubasar að athöfn lokinni.

21. DES. FJÓRÐI SUNNUDAGUR Í AÐVENTU.

kl. 11.00 Sunnudagaskóli í Lindaskóla

24. DES. AÐFANGADAGUR JÓLA.

kl. 16.00 Jólastund fjölskyldunnar í Lindaskóla

Kór Salaskóla syngur, engill kemur í heimsókn.

Börnin fá svolítinn jólalaðning í lok stundarinnar.

kl. 18.00 Aftansöngur í Lindaskóla

25. DES. JÓLADAGUR

kl. 11.00 Hátíðarmessa í Lindaskóla

Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur þjónar.

31. DES. GAMLAÁRSDAGUR

kl. 11.00 Hátíðarguðspjónusta í Lindaskóla



OFFSET
FJÖLRITUN
562 7890

SPAR
Bæjarlind 1 • Sími 544 4510
Opíð alla daga kl. 10 - 20
www.sparverslun.is





Aðventukvöldvaka Kórs Lindakirkju í Glersalnum

Næstkomandi sunnudag, 7. desember, sem er 2. sunnudagur í aðventu heldur Kór Lindakirkju aðventukvöldvökum kl. 20 í Glersalnum. Sungnir verða jólasöngvar frá ýmsum löndum og frá ýmsum tímum, auk þess sem lesin verður jólasaga og sr. Guðmundur Karl Brynjarsdóttir flytur hugvekju. Stjórnandi Kórs Lindakirkju er Hannes Baldursson en Svanhildur Sveinbjörnsdóttir syngur einsöng með kórnum á tónleikunum.

Söfnun fermingarbarna

Briðjudaginn 4. nóvember tóku fermingarbörn í Lindasókn þátt í Landssöfnun fermingarbarna á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Gengið var í hús með bauka og safnað fyrir ungt fólk í Afríku. Áður höfðu fermingarbörnin fengið fræðslu um starfsemi Hjálparstarfsins og heimsókn frá þeim Salómon og Irene frá Póket héraði í Kenýa. Með þeim í för var Leifur Sigurðsson kristnibodi sem túlkaði. Margt af því sem Kenýabúarnir höfðu frá að segja kom fermingarbörnum um mjög á óvart og spunnust fjörugar samrædur í fermingartínum eftir að þau höfðu flutt mál sitt.


Söfnunin gekk afar vel. Í Lindasókn einni söfnudust 133.600 kr. en 5,5 milljónir á landsvísu. Hjálparstaf kirkjunnar vill hér með koma á framferi þókkum til fermingarbarnanna sem tóku þátt í söfnuninni og íbúa í Lindasókn sem tóku þeim vel.



Alfa 2

Líf á nýjum nótum

Undanfarin tvö misseri hafa verið haldin svokölluð Alfa-námskeið á vegum Lindasóknar. Um er að ræða fullorðinsfræðslu um grunnatriði kristinnar trúar. Eftir áramót verður boðið upp á svokallað Alfa 2. Það skal tekið fram að ekki er um beint framhald að ræða af Alfa-námskeiðunum heldur viðbót. Kennið verður bókin *Líf á nýjum nótum*, eftir Nicky Gumbel. Kennið verður annað hvert miðvikudagskvöld frá 21. janúar. Alfa 2 verður nánar auglýst þegar nær dregur.



Skírnir

Ivar Andri Hannesson var skírður heima í Suðursöldum 14 þann 18. október. Hann er sonur hjónanna Sigríðar Gylfadóttur og Hanesar Haukssonar. Ivar Andri á tvær stórar systur, þær Guðlaugu Eddu 9 ára og Stefanú Ýr 4 ára.

Eva María Birgisdóttir var skírð 19. október heima í Blásöldum 3 á afmælisdegi Sóleyjar systur sinnar sem varð 8 ára þennan dag. Elsta systirin, Bryndís 13 ára hélt á Eva María undir skírn. Foreldrar þeirra eru Kristjana Schmidt og Birgir Gíslason.

Rakel Friðbertsdóttir, sem býr í Fjallalind 14 var skírð í Hjallakirkju 26. október. Foreldrar hennar eru María Gunnarsdóttir og Friðbert Guðmundsson. Systkini Rakelar eru Helena 4 ára og Eyþór 16 ára.



UNGLINGADEILD KFUM&K Í LINDASÓKN

Lindasöfnuður er í samstarfi við KFUM&K um kristlegt eldri barna og unglingastarf. Tíðindamaður Fréttabréfsins leit nýverið inn á jólaufund hjá unglingadeildinni í Safnaðarheimili Lindasóknar. Þar var mjög létt yfir mannskapnum og allir komnir í jólastapið. Leiðtoga í unglingastarfnum eru Erla Guðrún Arnimundardóttir, Gunnar Thomas Guðnason og Haraldur Guðjónsson, sem jafnframt er starfsmaður KFUM&K og ekur Lundúnastrætisvagninum, sem vakið hefur athygli á götunum. Margt skemmtilegt hefur verið gert það sem er vetri, boðið er upp á fjölbreyttu dagskrá á fundunum í safnaðarheimilinu og stundum farið í stuttar ferðir með Lundúnavagninum. Medal annars var eitt kvöldið



ÁRNA OG HALLA FANNST SKEMMTILEGAST Í ÍSFERÐINNI.

farið í ísleidangur og í heimsókn í unglingastarfíð í Digraneskirkju, auk þess sem efnt var til miðnæturíþróttamóts í Vatnaskógi nýverið.

Að öllu jöfnu eru unglingafundirnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-22 og eru allir unglingar á aldrinum 14-16 ára velkommrir. Í haust var eingöngu nemendum 9. og 10. bekkjar boðið að taka þátt en með hækkandi sól á nýju ári verður fermingarbörnum vorsins boðið að slást með í hópinn. Unglingadeildin er komið í jólafrí en hefst að nýju 7. janúar.



LEIDTOGARNIR GUNNAR, ERLA GUÐRÚN OG HARALDUR.



Bæjarlind 1 • Sími 544 5566



ALLIR KOMNIR Í JÓLASTAPIÐ.

Jólastund fjölskyldunnar Klukkan FJÖGUR á AÐFANGADAG!

Allir kannast við spenning yngri kynslóðarinnar á aðfangadag og eftirvætinguna eftir að jólín gangi í garð. Oft er eirðarleysi barnanna nokkuð mikið og ekki svo einfalt að dreifa huganum. **Jólastund fjölskyldunnar** kl. 16 á aðfangadag er mjög góður kostur fyrir þá krakka og hentar einnig fjölskyldum með ung börn.. Stundin verður haldin í Lindaskóla kl. 16. Kór Salaskóla syngur undir stjórn Ragnheiðar Haraldssdóttur, engill kemur í heimsókn, Jólaguðspjallið verður lesið og hver veit nema að kunnuglegir gestir úr sunnudagaskólanum láti sjá sig. Í lok standarinnar fá börnin lítinn jölaglaðning frá Lindasókn.



Kópavogsþær

INNRÖMMUN KÓPAVOGS

Hliðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651